

## L Ö G

## um kosningar til Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## I. KAFLI

## Kosningarréttur og kjörgengi.

## 1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem:

1. eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en kosning fer fram,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru fjárráðir.

## 2. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

## 3. gr.

Gift kona telst fjárráð, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Maður telst fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum.

## 4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá, karl eða kona, sem kosningarrétt á samkv. 1. gr., nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

## II. KAFLI

## Kjördæmi.

## 5. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja, og er landinu skipt í kjördæmi sem hér segir:

- A. Kjördæmi, þar sem kosinn er einn þingmaður í hverju, óhlutbundnum kosningum (einnmenningskjördæmi): **18**  
25. jan.
1. Borgarfjarðarsýsla.
  2. Mýrasýsla.
  3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
  4. Dalasýsla.
  5. Barðastrandarsýsla.
  6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
  7. Ísafjarðarkaupstaður.
  8. Norður-Ísafjarðarsýsla.
  9. Strandasýsla.
  10. Vestur-Húnavatnssýsla.
  11. Austur-Húnavatnssýsla.
  12. Akureyrarkaupstaður.
  13. Suður-Pingeyjarsýsla.
  14. Norður-Pingeyjarsýsla.
  15. Seyðisfjarðarkaupstaður.
  16. Austur-Skaftafellssýsla.
  17. Vestur-Skaftafellssýsla.
  18. Vestmannaeyjakaupstaður.
  19. Hafnarfjarðarkaupstaður.
  20. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
- B. Kjördæmi, þar sem kosnir eru tveir þingmenn í hverju, óhlutbundnum kosningum (tvímenningskjördæmi):
1. Skagafjarðarsýsla.
  2. Eyjafjarðarsýsla ásamt Siglufjarðarkaupstað.
  3. Norður-Múlasýsla.
  4. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
  5. Rangárvallasýsla.
  6. Árnessýsla.
- C. Reykjavíkurkaupstaður er sérstakt kjördæmi, þar sem kosnir eru 6 þingmenn, hlutbundnum kosningum, og jafnmargir til vara.

### III. KAFLI

#### Kjördeildir.

##### 6. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir, og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd, með samþykki yfirkjörstjórnar, að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

**18** Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 20 kjósendur, sem 25. jan. búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefir verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að álitu yfirkjörstjórnar.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

#### IV. KAFLI

##### Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

###### 7. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:

1. Landskjörstjórn.
2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

###### 8. gr.

Sameinað Alþingi kýs, eftir hverjar almennar alþingiskosningar, fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

###### 9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn .

Þar, sem sýslumaður eða bæjarfógeti (lögmaður) er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Annarsstaðar skipar ráðherra oddvita, er sé kjósandi í kjördæminu, og annan til vara, og gildir sú regla einnig um Eyjafjarðarsýslu. Í Suður-Múlasýslu er sýslumaður oddviti yfirkjörstjórnar.

Hina yfirkjörstjórana og tvo til vara kjósa sýslunefndir, en bæjarstjórnir þar, sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi, til eins árs í senn. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.

###### 10. gr.

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hrepstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

###### 11. gr.

Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal vikja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis, oddviti yfirkjörstjórnar þó ekki fyrr en opna skal atkvæða-

kassana. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal vikja sæti, þegar úthlutað er uppbótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppbótarþingsæti. 18 25. jan.

### 12. gr.

Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

### 13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkv. lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður), fulltrúar þeirra, hreppstjórar og skipstjórar á íslenskum skipum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

## V. KAFLI

### Kjörskrár.

#### 14. gr.

Kjörskrár til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppnefndir í hreppum. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 23. júní það ár til 22. júní næsta ár á eftir.

#### 15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til,
2. þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar gr., að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur eða 5 ára búsetu í landinu, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum áður en kjörskráin gengur úr gildi.

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefir ekki fullnægt skilyrðunum um aldur eða 5 ára búsetu í landinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefir náð að fullnægja öllu þessu, og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt.**

Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

#### 16. gr.

Kjörskrár skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

**18** Þegar kjörskrá hefir verið samin, skal oddviti í hreppum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

**17. gr.**

Nú hefir kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð, eða um það hefir ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefir á, að færi lögum samkvæmt.

**18. gr.**

Frá því að kjörskrá hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi skal almenningur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða á skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefir legið frammi samkvæmt 19. gr. og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

**19. gr.**

Nú eiga alþingiskosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

**20. gr.**

Þegar 3 vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína, með þeim rökum og gögnum, sem hann vill framfæra til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærurni.

**21. gr.**

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag. Til þess fundar skulu

með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinns- 18  
urnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar máls- 25. jan.  
ins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágrein-  
inginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjar-  
stjórnar.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal  
öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður  
engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

#### 22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað eintakið sent oddvita  
yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem kjörskráin er endanlega und-  
irrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á  
kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komið.

#### 23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að  
ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og  
fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega, eftir  
nánari fyrirætlum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann  
að vera, þegar gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða  
bæjarstjórnar um samningu kjörskrár, sbr. 17. gr.

#### 24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af  
kæru hans, hver sem hún er, yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit  
af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur  
sá, sem vegna fjarveru eða annara forfalla hefir ekki átt kost á að koma fram með  
kærun út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, ef það  
varðar hann sjálfan. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál, og er  
hlutaðeigandi dómara skylt að hraða málinu, svo að því verði lokið fyrir kjördag,  
ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómari skipa  
mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli  
dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum, þegar er  
sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum.

#### 25. gr.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá.  
Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við  
sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu  
eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosn-  
ingarréttar síns.

- 18 Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.),  
25. jan. skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlzt atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

## VI. KAFLI

### Framboð.

#### 26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð, bæði í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og í Reykjavík, tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag. Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 4 vikum og 2 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð, hvort sem um er að ræða einstaka framboðendur eða framboðslista, að tilgreina skýrlega full nöfn framboðendanna, stöðu og heimili, svo að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru.

#### 27. gr.

Hver einstakur framboðandi skal láta fylgja framboði sínu skriflega yfirlýsingu eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 kjósenda í því kjördæmi, þar sem hann býður sig fram, um að þeir styðji kosningu hans.

Framboðslista í Reykjavík skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík um að þeir styðji kosningu listans.

Framboði einstaks framboðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing framboðandans og meðmælenda hans, eða þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmalaflokk framboðandinn eða listinn sé boðinn fram. Vanti yfirlýsinguna, telst framboðandinn eða listinn utan flokka.

#### 28. gr.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmalaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slik skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmalaflokk er að ræða, sem átt hefir fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefir 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmalaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir

ekki í öðrum stjórn málaflökki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara. 18

25. jan.

### 29. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri listum í Reykjavík en einum, vera í kjöri fyrir fleiri stjórn málaflökka en einn, né heldur vera á landslista, ef hann er í kjöri sem utanflokkamaður í kjördæmi. Ekki má stjórn málaflökkur bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi, er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefir skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórnin nema það nafn burt af listanum eða listunum. Hið sama gerir landskjörstjórn, ef henni berast landslistar með sömu ágöllum.

### 30. gr.

Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Á landslista skulu vera nöfn frambjóðenda flokks í kjördæmum, þó eigi fleiri frambjóðenda úr neinu kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík).

Nú eru fleiri frambjóðendur af hálfu flokks í kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn, og sker þá flokksstjórnin, sbr. 28. gr., úr því, hver eða hverjir þeirra skuli teknir á landslista. Á landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett eftir stafrófsröð.

Stjórn málaflökki er heimilt að láta fylgja landslista sinum til landskjörstjórnar skrá yfir frambjóðendur flokksins í kjördæmum í þeirri röð, er flokkurinn óskar, að þeir hljóti uppþátarþingsæti.

Röðina á landslista að kosningu lokinni ákveður landskjörstjórn samkvæmt ákvæðum 128. gr.

Frambjóðanda í kjördæmi er heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það landskjörstjórn áður en framboðsfrestur fyrir landslista er liðinn, sbr. 26. gr., og verður hann þá ekki tekinn á listann.

### 31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðanda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

### 32. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er lið-



18 inn, og má þá, ef um er að ræða frambjóðanda í kjördæmi, þar sem kosið er ó-  
25. jan. hlutbundnum kosningum, annar maður innan viku bjóða sig fram í hans stað, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna er meðal meðmælenda hans, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið. Ef um frambjóðanda á lista í Reykjavík er að ræða, má á sama hátt setja mann í sæti hins látna á listanum, ef fullur helmingur af meðmælendum listans krefst þess.

Deyi frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag, skal yfirkjörstjórn aflýsa kosningunni, en dómsmálaráðuneytið stofna til kosningar á ný á þann hátt, sem fyrir er mælt í 135. gr. þessara laga.

## VII. KAFLI

### Umboðsmenn.

#### 33. gr.

Hver frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, á rétt á að gefa einum manni eða tveimur í hverri kjördeild umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna á hinum einstöku kjörstöðum, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Á sama hátt má frambjóðandi gefa einum eða tveimur mönnum umboð til að vera fyrir sína hönd og í sama skyni viðstaddir, er talning atkvæða fer fram.

Hverjum lista, bæði framboðslista í Reykjavík og landslista, skal fylgja til yfirkjörstjórnar eða landskjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, eða, þegar um landslista er að ræða, frá stjórn þess stjórnmaflokks, sem ber hann fram, um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Séu umboðsmenn lista ekki tilgreindir eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, sem fremstir standa frambjóðenda á listanum, réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum, talning atkvæða og úthlutun uppbótarþingsæta. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

#### 34. gr.

Nú hefir stjórnmaflokkur, sem þátt tekur í alþingiskosningum, ekki landslista í kjöri, og á hann engu síður rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er úthlutun uppbótarþingsæta fer fram, til þess að gæta þar réttar flokksins.

## VIII. KAFLI

## Kosningaundirbúningur.

18

25. jan.

## 35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Landskjörstjórn bókar um viðtöku landslista og ráðstafanir og úrskurði þeim viðvikjandi, samtölu atkvæða hinna einstöku stjórn málaflökka og úthlutun uppþótarsæta o. s. frv.; yfirkjörstjórnir um viðtöku framboða, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, hverskonar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar; undirkjörstjórnir um allt, sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnnum í té embættisinnsgli.

## 36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum sýslumanni og bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni) og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) halda samskonar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

## 37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefir borizt áætlun um það (sbr. 22. gr.) og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

## 38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð landslista, heldur landskjörstjórn fund á næsta degi, og skal umboðsmönnum listanna gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan landskjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

Sé listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, sem rækur er ger.

## 18

25. jan.

Pegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin þá með bókstöfum, A, B, C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmalaflokka, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna landslistana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu þannig, að greindur er bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í stafrófsröð. Þess skal getið sérstaklega, ef frambjóðandi hefir afsalað sér rétti til landslistasætis, sbr. 30. gr. Jafnframt skal þess getið, hvort stjórnmalaflokkur hefir notað heimild 4. málsg. 30. gr., og skráin birt.

## 40. gr.

Jafnframt því, sem landslistar eru auglýstir samkv. ákvæðum 39. greinar, sendir landskjörstjórn öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum hreppstjórnnum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni) í landinu skriflega tilkynningu um landslista og lætur fylgja tilkynningunni nægilega mörg eintök af landslistunum prentuðum þannig, að festa megi upp eitt eintak á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa.

Listana skal prenta alla á sama blað, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum sínum, en greina þá sundur með strikum. Fyrir ofan hvern lista skal standa bókstafur hans og neðan við bókstafinn: **Listi . . . . . flokksins.** Þar fyrir neðan skal prenta nöfn frambjóðenda listans í stafrófsröð og með eins stórum bókstöfum, að minnsta kosti, og nöfn frambjóðenda á kjörseðlum við óhlutbundnar kosningar.

## 41. gr.

Pegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð í kjördæmum, heldur yfirkjörstjórn í Reykjavík fund á næsta virkum degi og tekur framboðslistana til meðferðar og úrskurðar í samræmi við það, sem fyrir er mælt í 38. gr. um landslistana.

## 42. gr.

Þá er listar í Reykjavík hafa verið úrskurðaðir, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum á sama hátt og landslistar eru merktir, og skal þess gætt, að listi hvers stjórnmalaflokks sé merktur sama bókstaf og landslisti flokksins við sömu alþingiskosningar.

Nú eru fleiri en einn listi í Reykjavík boðnir fram fyrir sama stjórnmalaflokk, og skal þá merkja þá: A, AA . . . , B, BB . . . , C, CC . . . , o. s. frv. eftir þeirri röð, sem þeir berast í til kjörstjórnarinnar.

Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

Síðan gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi, í dagblöðunum í Reykjavík og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur sé bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista, í réttari röð.

## 43. gr.

Yfirkjörstjórnir í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, taka á sama tíma sem í 41. gr. segir til meðferðar og úrskurðar framboð hinna einstöku frambjóðenda þar. Séu gallar á framboði, þar á meðal ef vantar yfirlýsingar samkv. 27. gr., sem ætla má, að hefðu átt að fylgja framboði, skal tilkynna það hlutaðeigandi frambjóðanda og gefa honum kost á að leiðrétta þá, í samræmi við það, sem fyrir er mælt um galla á listum.

18

25. jan.

## 44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá, ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo timanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda 4 vikum fyrir kjördag.

## 45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflinum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, töluseit áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflinum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósanda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. ....

.....  
(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....  
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus .....

(Staður, dagsetning og ár).

hjá .....

(Staða).

.....

Nr. ....

Ég undirritaður, sem á heima

.....  
(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

og vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess



Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri, er í 63. gr. getur.

18

25. jan.

Ennfremur er það skylda skipstjóra á islenzkum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

## 48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirætlunum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

## 49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

## 50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Gerð þeirra, stærð, lag og litur skal vera tvennskonar, annað fyrir kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og hitt fyrir Reykjavík, en hvor tegundin um sig skal vera nákvæmlega eins. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

## 51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar skal vera ca. 11 cm. á breidd. Því skal vera skipt í tvo hluta með ca.  $\frac{1}{2}$  cm. breiddum, svörtum borða þvert yfir seðilinn. Efri hlutanum skal aftur skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 2 cm. háar og svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi. Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 1 cm. háar og svo margar sem ætla má, að landslistar verði flestir.

Efri hluti eyðublaðsins er fyrir kjörseðil í kjördæmi, en neðri hlutinn er landskjörseðill.

## 52. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi í Reykjavík skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla ca. 6 cm. breidd fyrir hvern lista. Eyðublaðinu skal skipta í tvo hluta, efri og neðri hluta, á sama hátt sem eyðublaði undir kjörseðil við óhlutbundnar kosningar samkv. 51. gr.

Fyrir ofan borðann skal ætla nægilega lengd fyrir þann lista, sem hefir frambjóðendur svo marga sem frekast má.

18

25. jan.

53. gr.

Að liðnum framboðsfresti skulu yfirkjörstjórnir, hver fyrir sitt kjördæmi, láta fullgera kjörseðla þá, sem notaðir verða á kjörfundi, eigi kosning að fara fram í kjördæminu. En kosning fellur niður við aukakosningar í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram en kjósa á þingmenn, svo og í Reykjavík, ef ekki er nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning hinsvegar ekki niður, þó að þannig standi á.

54. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þennan hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru lettri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmalaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafnframarlega, en með smærra lettri: **Frambjóðandi .....flokksins.**

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka.**

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmalaflokkanna, sem frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig, að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmalaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstir á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmalaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisfangi eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í henni skal standa með skýru, stóru lettri bókstafur landslista og aftan við hann í sömu línu: **Landslisti .....flokksins.** Landslistum skal raðað í skákirnar í stafrófsröð.

Að minnsta kosti eins cm. breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn frambjóðanda og listabókstaf.

Landskjörstjórn skal sjá um, að landskjörseðlar séu fullgerðir á fyrirskipaðan hátt.

55. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við kosningar í Reykjavík, skal fullgera þannig:

Prenta skal listana á efri hluta eyðublaðsins hvern við annars hlið í röð eftir 18  
bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greini- 25. jan.  
legur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í  
réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir  
skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti  $\frac{1}{2}$  cm. breitt  
bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista, fyrir hvern stjórnmalaflokk hann er í kjöri,  
á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin  
á listanum: **Listi** .....flokksins. Ef listi er boðinn fram utan flokka,  
skal á sama hátt prenta neðan við listabókstafinn: **Listi utan flokka**.

Neðri hluta eyðublaðsins skal fullgera eins og segir í 54. gr.

#### 56. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnnum, og  
skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir  
þá frá sér.

#### 57. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir,  
og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu  
póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri,  
nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal  
senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og 10%  
fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar  
með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar  
og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

#### 58. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún  
láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfir-  
kjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra  
framhorni vera prentað á tvö þeirra: **Ónýttir seðlar**, á tvö: **Ágreiningsseðlar** og  
á tvö: **Afgangsseðlar**.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund  
komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin  
láta fylgja stórt og sterkt umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og á efra  
framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin.  
Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til  
afnota við kosninguna, ef hún hefir hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þing-  
mannaefni hafi boðið sig fram.



## IX. KAFLI

## Kjördagur.

## 59. gr.

Þá er almennar, reglulegar alþingiskosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, síðasti sunnudagur í júnímánuði.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki fram farið á þeim degi.

Kjörtímabilið er 4 ár.

## X. KAFLI

## Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

## 60. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður. Kjörstaði skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

## 61. gr.

Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni, og svo um búið, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku vól, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

## 62. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð, þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm. löng að minnsta kosti, en 6,5 mm. við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saum-

lausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í **18** té atkvæðakassa og poka.

25. jan.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum, til afnota í kjördæminu.

## 63. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út, ásamt stjórnarskránni, í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við hendina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

## XI. KAFLI

## Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

## 64. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörfundar, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

## 65. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns) eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

## 66. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá alþingiskosningu, er fer fram næst á eftir, að fylgibréfið er dagsett.

## 67. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með ritblýi á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

18

25. jan.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í Reykjavík, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

## 69. gr.

Kjósandi utan kjörfundar, er kjósa vill landslista, ritar bókstaf listans á kjörseðilinn.

Kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar, sem vill kjósa landslista, en ekki lista kjördæmisins, ritar þó **Landslisti** framan við listabókstafinn.

## 70. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörfundar fá afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess, að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorðið á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt, né losa hann frá fylgibréfinu.

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um, að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið, og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni).

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

## 71. gr.

Þegar gengið hefir verið frá fylgibréfinu samkv. ákvæðum 70. gr., skal kjósandi láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík lögmanns), þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggja atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

## 72. gr.

Nú ónýttist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýtta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu

seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósendinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hin- **18**  
um gildu atkvæðum. 25. jan.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtt.

#### 73. gr.

Kjósendi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósendi óskar þess, að koma bréfinu á póst.

#### 74. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósenda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigliðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra, svo og umboðsmönnum lista, heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (lögmanni) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðsla er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

#### 75. gr.

Kjósendi getur jafnan krafizt þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

## XII. KAFLI

### Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

#### 76. gr.

Kjörfundur skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu unz hinir koma.

**18** Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi, skal það auglýst með þeim 25. jan. fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr. 2. málsg.

77. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

78. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk frambjóðenda og umboðsmanna (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggullinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og frambjóðendur eða umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlana kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn þar undir.

79. gr.

Nú hefir kjörstjórn borizt atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 74. gr.). Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum, greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

80. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni, í því skyni að greiða atkvæði í annari kjördeild (sbr. 85. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

81. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annarsstaðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni. Sendir dómsmálaráðuneytið yfirkjörstjórnnum í tæka tíð nægilega mörg eintök, en þær aftur undirkjörstjórnnum.

82. gr.

Nú er landslisti í kjöri eða landslistar, og skal þá í kjörfundarstofunni, svo og í hverjum kjörklefa, festa þá upp í hæfilegri hæð fyrir kjósendurna til að kynna sér þá (sbr. 40. gr.).

## 83. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörzlu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyrir inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

## 84. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Telji kjörstjórnin vafa á, hver maðurinn sé, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

## 85. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefir afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annarsstaðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annari kjördeild innan sama kjördæmis og hafi afsalað sér þar kosningarrétti, og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint.

## 86. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefan og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg, dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

## 87. gr.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

18

25. jan.

## 88. gr.

Við kosningar í Reykjavík greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar á sama hátt kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja, o. s. frv. að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kýs, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

## 89. gr.

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landslista atkvæði en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

## 90. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

Þegar um óhlutbundnar kosningar er að ræða, má hann ekki strika yfir nafn neins frambjóðandans, og við kosningar í Reykjavík má hann ekki haggja neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

Þegar um landslista er að ræða, má kjósandi ekki gera hvorttveggja, að kjósa frambjóðanda og landslista, heldur annaðhvort frambjóðanda eða landslista, og í Reykjavík ekki hvorttveggja lista kjördæmisins og landslista, heldur annaðhvort lista kjördæmisins eða landslista. Greiði hann landslistanum atkvæði, má hann ekki haggja neitt við þeim hluta kjörseðilsins, sem nöfn frambjóðendanna standa á, eða í Reykjavík listar kjördæmisins.

## 91. gr.

Þegar kjósandi hefir gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr kjörklefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður jafnvel, þó að hann skili auðum seðli.

## 92. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því,

sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. 18

25. jan.

## 93. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

## 94. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og framboðendur eða umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

## 95. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á, eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrra seðil. Heimilt er að láta þessa kjósendur víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og halda atkvæðagreiðslunni áfram, unz aðrir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði, og er skylt að nota þessa heimild, ef hætta er á, að kjörseðlaforðinn endist ekki.

Þá er kjósandi hefir látið seðilinn í atkvæðakassann, vikur hann út úr kjörfundarstofunni.

## 96. gr.

Nú er kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá hreppstjóra, sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni, eða sent það til þeirra eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærveru sína áður en atkvæðagreiðsla er lokið. Getur hann þá greitt atkvæði á kjörfundinum, en utankjörfundarseðill hans kemur þá ekki til greina við kosninguna.

## 97. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar frá því að byrjað var að taka við atkvæðum, og aldrei fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Nú hefir kjörfundur staðið 12 klukkustundir, og má þá slíta kjörfundi þegar fjórðungur klukkustundar er liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.



## 18

25. jan.

98. gr. Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, ef nokkrir eru, sem látnir hafa verið mæta afgangi samkvæmt heimild 95. gr. fyrri málsgr., og þeim fengnir nýir kjörseðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlaforðinn endist.

## 99. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn, frambjóðendur og umboðsmenn athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjóсандans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 72. gr.), skal kjörstjórn athuga fylgibréfið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

## 100. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefir utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 85. gr.), eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 96. gr.) eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

## 101. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort utankjörestaðaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fólginn, en leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

## 102. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rifur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnast ekki né skaddist og lætur þá í atkvæðakassann.

## 103. gr.

Frambjóðendur og umboðsmenn eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átela við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir frambjóðanda eða umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitid bókad þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir frambjóðanda eða umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

## 104. gr.

Dá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 72. og 95. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágrein- ingur er um (sbr. 101. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgang- eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefir verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefir sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefir verið undirrituð af kjörstjórn- inni og frambjóðendum eða umboðsmönnum, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók í strigapoka þeim, er atkvæða- kassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútn- um. Frambjóðendur eða umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Þokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað, í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

## 105. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram sam- stundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsigl- aðan, að viðstöddum frambjóðendum eða umboðsmönnum.

## XIII. KAFLI

**Kosningaúrslit í kjördæmum.**

## 106. gr.

Ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram við aukakosningu í kjör- dæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þingmenn í kjör-

18 dæminu (sbr. 53. gr.), úrskurðar yfirkjörstjórn þá þegar í stað, að loknum framboðsfresti, rétt kjörna og gefur þeim kjörbréf. Hið sama gerir yfirkjörstjórn við aukakosningu í Reykjavík, ef þar er ekki nema einn listi í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

#### 107. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnnum er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni.

#### 108. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé frambjóðandi ekki viðstaddur né umboðsmaður hans, skal yfirkjörstjórn kveðja valinkunnan mann, úr sama stjórnarmálaflokki, ef unnt er, til að vera talsmaður hans og gæta réttar hans. Í Reykjavík skal fara eins að, ef umboðsmaður lista er ekki viðstaddur.

Sé landslisti í kjöri, og enginn sérstakur umboðsmaður hans viðstaddur, skal frambjóðandi þess stjórnarmálaflokks, sem landslistann hefir í kjöri, eða umboðsmaður þess frambjóðanda eða skipaður talsmaður, vera sjálfsagður til að gæta réttar landslistans. Hið sama er í Reykjavík um umboðsmann eða skipaðan talsmann framboðslista þar.

#### 109. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli séu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, hellt í hæfilegt tómmt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjördeildum blandist vel saman.

Því næst skulu kjörseðlar teknir úr ílátinu, og les oddviti upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli, eða listabókstaf, ef um lista er að ræða, og réttir hann jafnótt frambjóðendum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórnar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers frambjóðanda eða lista.

#### 110. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. ef kjörseðill er auður,
2. ef ekki verður séð, við hvern frambjóðanda eða lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af frambjóðendum þeim eða listum, sem í kjöri eru,

3. ef merkt er við nöfn fleiri frambjóðenda en kjósa á, eða fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum, eða skrifuð fleiri nöfn á utankjörfundarseðil en frambjóðendanna, sem kjósa á, eða fleiri en einn listabókstafur, **18** 25. jan.
4. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni,
5. ef merkt er á sama kjörseðli við landslista eins flokks og frambjóðanda annars flokks eða utan flokka, eða í Reykjavík landslista eins flokks og kjördæmislista annars flokks eða utan flokka, eða ef merkt er á sama kjörseðli við fleiri en einn landslista,
6. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefir löglega afhent.

#### 111. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli sé sleppt föðurnafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður, við hvern átt er, þó að titill og heimili fylgi nafni, þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórn mála flokks, sem landslista hefir í kjöri, o. s. frv.

Í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, er atkvæði gilt, þó að ekki sé kosinn nema einn frambjóðandi.

Lista í Reykjavík telst atkvæði, þé að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusettt eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

#### 112. gr.

Nú hefir kjósandi kosið frambjóðanda eða frambjóðendur eða lista flokks í kjördæmi og jafnframt orðið á að merkja við landslista hins sama flokks, og skal þá að vísu taka seðilinn gildan sem atkvæði greitt frambjóðanda eða frambjóðendum eða í Reykjavík lista kjördæmisins, en landslistann skal þá telja ókosinn.

Sama gildir, ef kjósandi í tvímenningskjördæmi, er kosið hefir frambjóðendur tveggja flokka, merkir jafnframt við landslista annarshvors flokksins.

#### 113. gr.

Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, frambjóðendum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Ef kjörstjórnarmaður eða umboðsmaður frambjóðanda eða flokks óskar,

18 skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, unz úrskurður er felldur.

25. jan.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefir úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefir úrskurðað ógilda.

Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti frambjóðenda og umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögnum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

#### 114. gr.

Til þess að finna, hver frambjóðandi eða frambjóðendur ná kosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal leggja við persónulega atkvæðatölu hvers frambjóðanda tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmalaflokks, sem frambjóðandinn eða frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir. Ef frambjóðendur flokks í einmenningskjördæmi eru fleiri en einn, teljast þó landslistaatkvæðin aðeins þeim, sem flest hefir persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur flokks í tvímenningkjördæmi eru fleiri en tveir, teljast á sama hátt landslistaatkvæðin aðeins þeim tveimur, sem flest hafa persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur, sem gera þarf upp á milli, hver eða hverjir skuli hljóta landslistaatkvæði, hafa jafna tölu persónulegra atkvæða, skal úr því skorið með hlutkesti eftir reglum 119. gr.

Þann frambjóðanda, sem hæstri tölu nær, lýsir yfirkjörstjórn kosinn, eða þá tvo, sem hæstum tölum ná, ef tvo þingmenn á að kjósa.

#### 115. gr.

Í Reykjavík skal telja saman, hve margir hafa kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal leggja við atkvæðatölu hvers lista tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmalaflokks, sem listinn er í kjöri fyrir. Ef fleiri listar en einn eru í kjöri fyrir hinn sama stjórnmalaflokk, skal aðeins telja landslistaatkvæðin þeim listanum, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Þessar tölur skal síðan skrifa hverja fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur

þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum. 18 25. jan.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

#### 116. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í Reykjavík, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim kjörseðlum og seðlarnir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af hinni sömu atkvæðatölu, að í teljara þess sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem frammar standa á listanum, og í nefnara þess tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

Síðan tekur kjörstjórnin alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnmörg atkvæði, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 119. gr.

#### 117. gr.

Framboðslisti í Reykjavík, sem hlotið hefir þingmann eða þingmenn, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, sem ekki hefir hlotið þingmann, hefir ekki rétt til varamanns, þó að hann hefði atkvæðatölu til.

Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmennina þannig, að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa, næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

- 18 25. jan. Nú hreppir varaþingmaður af lista í Reykjavík uppþótarþingsæti, og skal yfirkjörstjórnin í Reykjavík þá koma saman að nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem varaþingmanni.

## 118. gr.

Hafi ekki við almennar kosningar eða uppkosningar í sambandi við þær fleiri frambjóðendur verið í kjöri í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þar þingmenn, skal yfirkjörstjórn lýsa þá kosna, án tillits til þess, hver atkvæði þeim hafa verið greidd, og eins þó að enginn hafi greitt þeim atkvæði. Hið sama skal og yfirkjörstjórn í Reykjavík gera, ef ekki hefir verið nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki hafa staðið fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

## 119. gr.

Hafi tveir frambjóðendur eða fleiri jöfn atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri sem þingmenn, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra frambjóðenda, sem jöfn hafa atkvæði, á samskonar seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

## 120. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin að fullu, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna þingmanni eða þingmönnum, svo og varaþingmönnum kjörbréf, samið samkv. fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## 121. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 107. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en aðeins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyrr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal frambjóðendum eða umboðsmönnum, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

## 122. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur yfir atkvæðatölurnar, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina:

1. Hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru.
2. Í einmenningskjördæmum, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega.

3. Í tvímenningskjördæmi, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern fram- **18**  
 bjóðanda persónulega, hvernig samkosningar hafi fallið, og hverjir fram- 25. jan.  
 bjóðendur hafi verið kosnir einir sér og hve oft.
4. Í Reykjavík, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig, og hvern-  
 ig atkvæðatala hvers lista skiptist milli frambjóðendanna á hverjum lista  
 fyrir sig, samkv. 116. gr.

Skýrslunum skulu fylgja skilríki frambjóðendanna og í Reykjavík list-  
 anna um það, fyrir hvern stjórnmalaflokk þeir hafa verið í kjöri, þau er  
 fylgdu framboðum þeirra.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

#### 123. gr.

Yfirkjörstjórnir senda Hagstofunni, hver úr sínu kjördæmi, skýrslu um  
 kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

### XIV. KAFLI

#### Úthlutun uppbótarþingsæta.

#### 124. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjör-  
 dæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 122. gr.), skal hún koma sam-  
 an til að úthluta allt að 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka,  
 þannig, að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína  
 við kosningarnar. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara stað og  
 stund, er hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur  
 á að vera viðstaddir (sbr. 33. gr.).

#### 125. gr.

Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjunum  
 athuguðum, hverjum stjórnmalaflokkum skuli telja frambjóðendur þá og fram-  
 boðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, einnig  
 hverjir stjórnmalaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir  
 flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

Atkvæði, sem fallið hafa á frambjóðendur utan flokka, koma ekki til greina  
 við úthlutun uppbótarþingsæta.

#### 126. gr.

Landskjörstjórn telur nú saman atkvæðatölur hvers þingflokks og fjölda  
 þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum.

Hverjum þingflokki teljast atkvæði á þessa leið:

1. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í einmennings-  
 kjördæmum.



- 18 2. Samanlögð atkvæði greidd framboðslista flokksins, eins eða fleiri, í  
25. jan. Reykjavík.
3. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið einir sér.
4. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið tveir og tveir saman.
5. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið með frambjóðendum annara stjórnmálaflokka.
6. Samanlögð atkvæði greidd landslista flokksins.

## 127. gr.

Til þess að finna, hvernig uppbótarpingsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal fara þannig að: Fyrst skal finna meðaltal atkvæða á hvern kjördæmiskjörinn þingmann þess þingflokks, er fæst hefir atkvæði á hvern þingmann, og er það hlutfallstala kosningarinnar. Síðan skal skrifa atkvæðatölur hinna annara þingflokka, hverja afturundan annari í sömu línu, og deila í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi flokks kosinna í kjördæmum, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv. unz síðustu útkomur geta á þennan hátt ekki orðið jafnari hlutfallstölunni. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Uppbótarpingsætum skal úthluta til þingflokka eftir tölum þessum þannig, að fyrsta uppbótarpingsætið fellur til þess þingflokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, unz eitt uppbótarpingsæti hefir fallið á hverja þeirra, nema 11 uppbótarpingsætum hafi verið úthlutað áður. Þó skal því aðeins úthlutað uppbótarpingsæti á tölu lægri en hlutfallstalan, að enginn annar þingflokkur hefði fengið hærri atkvæðatölu á hvern þingmann, ef hann hefði bætt við sig því þingsæti.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppbótarpingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppbótarpingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppbótarpingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 119. gr.

## 128. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur þingflokks hafa náð uppbótarpingsæti, skal fara þannig að: Fyrst skal nema af landslista flokksins alla þá frambjóðendur, sem náð hafa kosningu í kjördæmum. Þá frambjóðendur, sem kunna að hafa náð kosningu sem varaþingmenn í Reykjavík, skal þó eigi nema af listanum að svo stöddu. Því næst skal skrá við nöfn frambjóðendanna persónuleg atkvæði þeirra hvers um sig í kjördæmum. Ef eftir eru á listanum tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í samá kjördæmi, skal nema þá alla burt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Því næst skal raða þeim frambjóðendum, sem eftir eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta

atkvæðatölu hefir, verði efstur, sá, sem að honum frágengnum hefir atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næstefstur, o. s. frv. á víxl. 18  
25. jan.

Hafi þingflokkur notað sér heimild 30. gr. til ihlutunar um röð frambjóðenda á landslista, skal á sama hátt og áður segir nema af skrá flokksins alla þá, sem ekki koma til greina við úthlutun uppþótarþingsæta. Þeir, sem þá eru eftir á skránni, skipast í þriðja hvert sæti landslistans í þeirri röð, sem þeir nú eru, þannig að efsti frambjóðandi á skránni verður þriðji á landslistanum, annar frambjóðandi hinn sjötti o. s. frv., hafi hann eigi áður hlotið sæti á honum samkvæmt reglum 1. málsg. þessarar gr. Að öðru leyti skipast sæti landslistans samkvæmt reglum 1. málsg. Ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppþótaræta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppþótaræta-lista, er sé skipaður öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík). Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir frambjóðenda sæti á uppþótaræta-listanum, sem hefir hæsta eða hærri atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá frambjóðendur af listanum, sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkv. reglum 1. málsg. þessarar gr. Ef frambjóðendur hafa jöfn atkvæði við niðurskipun á lista eða til uppþótarþingsætis, ræður hlutkesti milli þeirra eftir reglum 119. gr.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnast uppþótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma neðst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frést til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnast uppþótaræti.

#### 129. gr.

Þingflokkur, sem hlotið hefir uppþótarþingsæti, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna og hann hefir hlotið uppþótarþingsæti.

Varasætunum er úthlutað á sama hátt sem aðalsætunum, þannig, að úthlutað er, samkvæmt framangreindum reglum, tvöfalt fleiri sætum til hvers þingflokks en honum ber af uppþótarþingsætum, og verði þeir, sem umfram eru rétta tölu landskjörinna þingmanna hvers flokks, varamenn þeirra.

#### 130. gr.

Þegar úthlutað hefir verið uppþótarþingsætum samkvæmt 128. gr., skal landskjörstjórn tafarlaust gefa þeim, sem kosningu hafa náð í uppþótarþingsæti, svo og varamönnum, kjörbréf sem 1., 2., 3. o. s. frv. landskjörnum þingmönnum eða varaþingmönnum, eftir þeirri röð, sem þeir hafa náð kosningu. Kjörbréfin skulu gerð eftir fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

18 Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úthlutun upp-  
25. jan. bótarpingsætanna, og skal birta nöfn hinna landskjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðindanna.

### 131. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur flokkanna og úthlutun uppbotarpingsætanna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

### 132. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna landslista eða stjórnmálaflokks, sem þátt hefir tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um landslista og úthlutun uppbotarpingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

### 133. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið fram (sbr. 142. og 143. gr.), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbotarpingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaðurur missi við það umboð sitt.

Þó að frambjóðandi flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefir ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarpingsætis.

## XV. KAFLI

### Kosningum frestað, uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

### 134. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kauptúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda með það gagngert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir af því, að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo

fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsg. þessarar greinar. 18  
25. jan.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefir farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyrr segir.

#### 135. gr.

Nú deyr frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag (sbr. 32. gr.), eða uppkosning verður nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkv. 41. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 142. og 143. gr. þessara laga, eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar, ef kosningu hefir verið frestað sökum þess, að frambjóðandi hafi látizt, eða ef um uppkosningu er að ræða fyrir það, að kosning hafi verið úrskurðuð ógild.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Aukakosning þingmanns gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

#### 136. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður konungur þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkv. fyrirmælum þessara laga.

### XVI. KAFLI

#### Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

#### 137. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatazt, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skil að aftur, hefir verið notað.

**18** Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við uppkosningar og aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík lögmanns).

#### 138. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 113. greinar, búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanns þess eða bæjarfógeta, sem úthlutaði utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík lögmanns). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafizt af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

### XVII. KAFLI

#### Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

#### 139. gr.

Það er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi, svo og að undirskrifa slíkar áskoranir, fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með frambjóðendum og framboðslistum í 27. gr. og um yfirlýsingar um fylgi við nýja stjórnmalaflokka í 28. gr. Þó er stjórnmalafélagi, sem gert hefir ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.

2. Að bera á mann fé eða friðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða friðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelða hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum eða auglýsingum á sjálfum kjörstaðn-

um, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annarsstaðar í eða á þeim húsakynn- **18**  
um, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni. **25. jan.**

4. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrir en manni ber samkv. kjörskránni.

Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda heimilisfastan í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.

5. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.

6. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefir verið, eða á annan hátt.

## XVIII. KAFLI

### Kosningakærum.

#### 140. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, eða að þingmaður eða framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kærur í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað frambjóðandanum, sem kæran varðar, eða ef um framboðslista er að ræða, umboðsmönnum listans, annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

#### 141. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi dómara, og fer um málareksturinn að hætti almennra lögreglumála, með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr., nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

## XIX. KAFLI

## Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

## 142. gr.

Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kærana og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá yfirkjörstjórn viðvikjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafi visvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Þegar um lista er að ræða, fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefir verið í kjöri í tveimur kjördæmum, eða á tveimur listum, eða fyrir fleiri stjórnsmálaflokka en einn eða fyrir stjórnsmálaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Eigi varðar það ógildingu kosningar, þó gilt hafi verið metið atkvæði kjóanda utan kjörfundar, sem síðar hefir verið upplýst um, að hafi verið staddur á kjörstað á kjördegi (sbr. 96. og 100. gr.).

## 143. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað kosningu þingmanns ógilda, og skal þá uppkosning fara fram, svo og ef þingmaður missir kjörgengi, nema þeir eigi tilkall til varamanns.

Nú er aðeins kosning annars þingmanns tvímenningskjördæmis úrskurðuð ógild, og fer þá uppkosning fram að því er snertir þingsæti hans. Ef kosning heils lista í Reykjavík er úrskurðuð ógild, skal öll kosningin endurtekin.

## XX. KAFLI

## Hvernig varamenn taka þingsæti.

## 144. gr.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Varamenn landskjörinna þingmanna taka þingsæti eftir hliðstæðri reglu.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður deyr, segir af sér **18** þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út **25. jan.** kjörtímabilið.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinads Alþingis, ef Alþingi hefir ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns, skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið, eða því slitið eða frestað áður.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan Alþingis, er sá þingmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

## XXI. KAFLI

### Kostnaður.

#### 145. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.

2. Sýslusjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.

3. Hreppssjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

## XXII. KAFLI

### Refsiákvæði.

#### 146. gr.

Það varðar sektum frá 50—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara visvitandi á ólöglegan hátt, eða vanrækja hana.

Refsingunni má beita við hvern einstakan í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn eða kjörstjórn.



Það varðar sektum frá 20—200 kr.:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjör-gengur.

2. Ef maður býður sig fram í fleirum kjördæmum en einu, eða á fleirum listum en einum, eða fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk eða fyrir stjórnmála-flokk og jafnframt sem utanflokkamaður.

3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þing-mennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þess-um. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vit-andi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.

4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjör-fundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 72. og 95. gr.).

5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefir kosið (sbr. þó 92. gr.).

6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið.

7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til þess að fá aðstoð við kosningu.

8. Ef maður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.

9. Ef kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæð-inu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæða-greiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar og á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 96. gr.).

10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefir verið trúað fyrir, eða tefur visvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.

11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greidd-um utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar.

12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 139. gr. 4. tölulið, ef ekki liggur þingri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.

13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

#### 148. gr.

Það varðar 100—1000 króna sekt, nema þingri refsing liggi við eftir öðr-um lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið, eða gefur visvitandi villandi kosningaleiðbeiningar.

2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefir að-stoðað, hefir greitt atkvæði.

3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið

hefir að sér flutning kjörgagna samkvæmt 57. gr. eða atkvæðakassa samkv. 104. gr., tefur fyrir að það komist til skila. **18**

25. jan.

4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

#### 149. gr.

Það varðar 50—1000 króna sekt og missi kosningarréttar í 5 ár og fyrir fullt og allt við ítrekuð brot:

1. Ef maður ber fé eða friðindi á mann eða heitir manni fé eða friðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.

2. Ef maður tekur fé eða friðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

#### 150. gr.

Það varðar betrunarhúsvinnu eða fangelsi og missi kosningarréttar:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða að neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður visvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

#### 151. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð.

### XXIII. KAFLI

#### Hvenær lögín öðlast gildi.

#### 152. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt er af Alþingi haustið 1933, og falla þá jafnframt úr gildi:

1. Lög nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.

2. Lög nr. 36 6. nóv. 1902, um breyting á 18. gr. í lögum nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.

3. Lög nr. 19 3. okt. 1903, um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.

4. Lög nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

5. Lög nr. 11 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

- 18 6. Lög nr. 12 18. maí 1920, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um  
25. jan. kosningar til Alþingis.
7. Lög nr. 17 19. júní 1922, um skipting Húnavatnssýslna í tvö kjördæmi.
8. Lög nr. 50 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um  
kosningar til Alþingis.
9. Lög nr. 13 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um  
kosningar til Alþingis.
10. Lög nr. 20 7. maí 1928, um skipting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö  
kjördæmi.
11. Lög nr. 58 7. maí 1928, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþing-  
iskosningar.
12. Lög nr. 47 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um  
kosningar til Alþingis,  
svo og öll önnur ákvæði í lögum, er í bága kunna að koma við þessi lög.

#### XXIV. KAFLI

##### Bráðabirgðaákvæði.

###### 153. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi ganga í gildi skal semja kjörskrár samkvæmt þeim og því vera lokið innan tveggja vikna. Þá skulu kjörskrárnar tafarlaust lagðar fram til sýnis og almenningi kynntar þær samkvæmt 19. gr., tekið við kærnum og með þær farið samkvæmt ákvæðum þessara laga og þær úrskurðaðar innan lögmæltis tíma fyrir næstu almennar alþingiskosningar.

###### 154. gr.

Fyrir kosningar þær, er fyrstar fara fram eftir lögum þessum, skal sinna kröfu um stofnun nýrra kjördeilda, samkv. 6. gr., þótt þær komi ekki fram fyrir en 3 vikum á undan kosningu, enda skal þá nota staðfest eftirrit af kjörskrá hrepps eða hreppshluta, sem skipt hefir verið.

###### 155. gr.

Landskjörstjórn skal í fyrsta sinni kjósa á því þingi, sem samþykkir þessi lög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*